



Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 10. september 2020

SFS2020090059

2.5.3

HG/ag

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Tillaga um gjaldskrármál

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 8. september 2020 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja til að hafin verði vinna við endurbætur á gjaldskrár- og greiðslukerfum skóla- og frístundasviðs. Til grundvallar liggi sú stefna að börn á leik- og grunnskólaaldri hafi öruggt aðgengi að skóla- og frístundastarfi óháð efnahag foreldra. Markmið vinnunnar verði sanngirni og innbyrðis samræmi gjaldskráa og einföldun á greiðslukerfi með áherslu á stafrænar lausnir og þjónustumiðaða hönnun. Lagt er til að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að hafa umsjón með greiningu á kostum og göllum núverandi gjaldskrár, hvítbók sem verði grundvöllur tillagna um endurbætur.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillöggunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Það er í góðu samræmi við þjónustustefnu Reykjavíkurborgar að fara í þessa endurskoðun, með það að markmiði að bæta þjónustu, einfalda viðmót og auðvelda umsóknir og notkun á kerfinu. Eins er rétt að skoða hvort ástæða sé til að endurskoða afsláttakerfin með tilliti til samfélagsbreytinga, sanngirni og til að auka gagnsæi og fyrirsjáanleika miðað við önnur sambærileg kerfi á sviðinu.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Tillaga og greinargerð

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um endurskoðun á gjaldskrá og greiðslukerfum skóla- og frístundasviðs

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja til að hafin verði vinna við endurbætur á gjaldskrá- og greiðslukerfum skóla- og frístundasviðs. Til grundvallar liggi sú stefna að börn á leik- og grunnskólaaldri hafi öruggt aðgengi að skóla- og frístundastarfi óháð efnahag foreldra. Markmið vinnunnar verði sanngirni og innbyrðis samræmi gjaldskráa og einföldun á greiðslukerfi með áherslu á stafrænar lausnir og þjónustumiðaða hönnun. Lagt er til að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að hafa umsjón með greiningu á kostum og göllum núverandi gjaldskrár, hvítbók sem verði grundvöllur tillagna um endurbætur.

Greinargerð

Sviðsstjóra er falið að hafa umsjón með greiningu á kostum og göllum núverandi gjaldskrár, eins konar hvítbók þar sem m.a. verði að finna samanburð við gjaldskráruppbyggingu og stefnu annarra sveitarfélaga og nágrennalanda. Miðað er við að niðurstöður hvítbókarvinnunnar verði nýttar sem grundvöllur ákvarðanatöku um breytingar á uppbyggingu og inntaki gjaldskráa og greiðslukerfa skóla- og frístundasviðs. Einnig er ástæða til að rýna innritunar- og innheimtukerfi skóla- og frístundasviðs með það að markmiði að einfalda viðmót gagnvart foreldrum. Grundvallarforsenda vinnunnar verði að tryggja að börn á leik- og grunnskólaaldri eigi áfram öruggt aðgengi að vönduðu skóla- og frístundastarfi í borginni óháð efnahag foreldra eða forsjáraðila þeirra.